

Skólaslit 2012.

Ræða skólameistara.

Heiðraða samkoma. Við hefjum þessa athöfn að venju á því að rísa úr sætum og syngja skólasönginn, texta Einars Benediktssonar **Til fánans** við lag Björgvins Guðmundssonar.

Undirleikari er Aðalbjörg Bragadóttir, kennari við skólann.

Ágætu verðandi nýstúdentar, fjölskyldur þeirra, starfsmenn, júbílantar og aðrir gestir.

Allt er breytingum háð í henni veröld. Frá stofnun skólans til dagsins í dag hefur málabraut verið hluti af námsframboði hans en nú er svo komið í sögu skólans að síðustu nýstúdentarnir af þeirri braut verða útskrifaðir hér í dag. Ég er efins um að eiginleg hrein málabraut verði aftur sett á laggirnar í ljósi þess að nám nemenda þróast meir og meir til samþættingar margra námsgreina svo og í það að nemendur munu í auknum mæli í framtíðinni sækja nám sitt hér og þar, héðan og þaðan, óháð staðsetningu og tíma. Við innleiðingu nýrrar aðalnámskrár framhaldsskóla, sem lokið skal 2015, horfum við í ML til þess að auka valmöguleika nemenda á seinni árum náms þeirra þannig að nemandi af náttúrufræðabraut geti valið staka áfanga úr námsskipulagi félagsfræðabrautar (sem gildir reyndar í dag í örlitlum mæli) svo og öfugt, nemendur félagsfræðabrautar muni geta sótt í grunngreinar

náttúrufræðabrautar. Allt er þetta í mótun, bekkjarkerfið verður áfram þó að svonefnd “krosstengsl” brauta muni væntanlega aukast á seinni árum í námsferli nemenda .

Það er mikið fagnaðarefni að öflugur kór hefur starfað við skólann í vetur og vakið verðskuldaða athygli. Stjórnandi hans er Eyrún Jónasdóttir og þar er sko enginn aukvisi á ferð. Kórfélagar í vetur voru 56, um þriðjungur nemenda skólans. Tæplega 40 þeirra eru hér hjá okkur í dag og munu syngja nokkur lög síðar í dagskránni. Eðli framhaldsskólakóra er að nýliðun er nokkur hvert haust en það er hluti af þessu öllu saman. Kórastarf er uppeldi í víðum skilningi þó fyrst og fremst sé það tónlistaruppeldi.

Aðsókn að skólanum er og hefur verið hin síðari ár meiri en hægt er að koma á móts við. S.l. haust hófu 165 nemendur nám við skólann og stefnir í að næsta haust verði þeir um 180. Brottfall milli bekkja er hverfandi, aðsókn nemenda sem útskrifast úr grunnskóla í vor er um 20% meiri en við ráðum við þar sem við höfum eingöngu rými fyrir tvo 26 nemenda bekki á fyrsta ári, einn á hvorri braut, félagsfræða og náttúrufræða. Nokkrir nemendur með nám úr öðrum framhaldsskólum sækja að jafnaði um skólavist inn á annað og þriðja ár og er svo einnig nú. Vistarrými er takmarkað en á Nös, Kös og Fjarvist má koma fyrir 160 nemendum. Er nú svo komið að gömul heimavist héraðsskólans, í Hlíð, verður nýtt næsta vetur. Hægt verður að koma þar fyrir með góðu móti um 10 nemendum. Eins munum við

að öllum líkindum leigja bílskúr úti í bæ næsta vetur, sem er nú reyndar gistiheimili á sumrum, en þar kæmustu nokkrir nemendur fyrir. Þetta er lúxusvandamál, skemmtilegt verkefni.

Læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun eru grunnþættir nýrrar aðalnámskrár framhaldsskóla. Menntaskólinn að Laugarvatni flaggar Grænfánum sem er tákn þess að skólinn uppfyllir kröfur Landverndar um að vera sjálfbær skóli. Grænfánaverkefnið er eilífðarverkefni og vinnum við að því að styrkja og efla skólann, nemendur hans og starfsmenn, enn frekar til sjálfbærni. Jóna Björk Jónsdóttir náttúruvísindakennari er verkefnisstjóri. Eins er ML Heilsueflandi framhaldsskóli, verkefni sem Lýðheilsustöð setti á laggirnar og stýrir, hvar horft er til þáttanna næring, hreyfing, geðrækt og lífsstíll. Næring var í forgrunni í vetur, næsta vetur er það hreyfingin, svo geðræktin og loks er heildstætt litið yfir sviðið og unnið með lífsstíll. Sérhvern þátt verkefnisins er unnið með til framtíðar þó hver þeirra sé áhersluatriði einn vetur. Verkefnisstjóri er Gríma Guðmundsdóttir, náms- og starfsráðgjafi og frönskukennari. Aðrir grunnþættir nýrrar aðalnámskrár þ.e. læsi, lýðræði og mannréttindi og jafnrétti og sköpun hafa ætíð verið mikilsverðir þættir í starfsemi Menntaskólans að Laugarvatni fyrr og síðar. Þeir munu þó í vaxandi mæli setja mark sitt á starfsemi skólans á komandi árum.

Að mörgu verður að hyggja í framtíðinni. Ég vitna beint í heimsíðu Mennta- og menningarmálaráðuneytisins en þar stendur: “Í nýrri aðalnámskrá framhaldsskóla er m.a. fjallað um inntak og skipulag náms og kennslu. Í aðalnámskrá er öllu námi í framhaldsskóla skipað á fjögur hæfniprep sem skarast annars vegar við grunnskólastig og hins vegar við háskólastig. Með þrepunum er lýst stigvaxandi kröfu um þekkingu, leikni og hæfni nemenda í átt til sérhæfingar og aukinnar menntunar. Námslok námsbrauta eru tengd við hæfniprep. Lokamarkmið námsbrauta kallast hæfniviðmið og segja til um þá hæfni sem stefnt er að nemendur búi yfir við námslok.” Tilvitnun lokið. Svo mörg voru þau orð. Ég svitna bara.

Að byggja upp og bæta húsnaði skólans og aðbúnað nemenda og starfsmanna eru verkefni sem mér eru mjög hugleikin og ánægjuleg. Á þeim vettvangi hefur skólinn notið mikils velvilja og skilnings stjórnvalda og starfsmanna ráðuneyta og ber að þakka það. Eins og ekki síður má nefna hér tvo einstaklinga sem sannarlega eru betri en engir þegar kemur að framkvæmdum en það eru þeir Þráinn Þorvaldsson, eftirlitsmaður hjá menntamálaráðuneytinu, og Tómas Tryggvason, trésmíðameistari með sitt einvalalið, en fyrirtæki hans hér á Laugarvatni, TT-trésmíði, hefur komið að, með einum eða öðrum hætti, miklum hluta þeirra endurbóta og framkvæmda sem unnar hafa verið á húsnaði skólans síðustu áratugina. Nýliðið skólaár var lokið við að endurnýja salernin í skólahúsinu, anddyri Kasar hefur farið í endurnýjun lífdaga, skipt var um útihurðarstell inn á Fjarvist og

næstu daga mun hitalögn verða lögð í útitröppurnar þar svo Fjarvistarbúum verði ekki hált á svellinu að fara um þær á köldum fimmtudagsvetrarkvöldum. Framundan eru mörg verkefni og verður það tíundað að ári.

Ég gæti talað hér lengi um hús gamla Héraðsskólans enda hef ég oft í fyrri skólaslitaræðum komið inn á það mál. Ekki mun ég gera það nú nema á þann veg að þakka öllum þeim, sem að hafa komið, það hvað húsið er glæsilegt í dag. Því hefur verið bjargað, það er friðað að ytra útliti, glæsilegt hús, merkisberi staðarins. Hvaða hlutverk svo sem það fær í framtíðinni er mikilvægt að það hæfi staðsetningu hússins, byggingarstíl þess og sögu - eins og ég hef oft sagt áður í ræðum mínum – og segi einu sinni enn. Helst af öllu óska ég þess að í húsinu verði fjölpætt starfsemi fræðslu, menningar, lista, nýsköpunar og stjórnsýslu og að framtíðarhlutverk og nýting héraðsskólans gamla hafi margfeldisáhrif á nær- og fjarsamfélag í sem víðustum skilningi.

Við starfsmenn Menntaskólans að Laugarvatni munum gæta þess að halda í þau góðu gildi sem hann stendur fyrir og eru greipt í merki hans: Manngildi, Þekking, Atorka. Það er markmið okkar að skólinn haldi fast í sína sérstöðu sem öflugur heimavistarskóli með bekkjarkerfi á hentugum stað í sveit. Skóli með hátt þjónustustig, góðan og hollan heimilismat og vel þvegin föt – samanbrotin, - skóli með gott utanumhald, með skýrum reglum sem fylgt er eftir, öfluga starfsmenn, frábæra kennslu, afburða aðbúnað, ríkar og þroskandi

hefðir, mikla sögu. Við þekkjum það öll hér ML-ingar / Laugvetningar hvað skólinn er einstakur. Það er lífsstíll að vera ML-ingur.

Næsta vetur verður hátíð í Menntaskólanum að Laugarvatni. 12. apríl 2013 verða 60 ár liðin frá stofnun skólans. Á 50 ára afmælinu þann dag 2003 voru formlegheitin í forgrunni, forsaga skólans og saga hans til aldaloka. Þessu sinni verður nemandinn í forgrunni, nám hans, líf og starf í skólanum okkar allra og er horft til þess að margir viðburðir næstkomandi skólaárs tengist afmælisárinu. Það er tilhlökkun í kotinu.

Ég mun ávarpa nýstúdenta sérstaklega í lok dagskrár en nú flytur annál skólaársins 2011-2012, aðstoðarskólameistari, Páll M. Skúlason.